

UPPFÆRSLA Á KJARASAMNINGI
milli
Rafiðnaðarsambands Íslands og
VM, Félags vélstjóra og málmteknimanna
og
Orkuveitu Reykjavíkur

1. gr.

Kjarasamningur aðila framlengist og gildir frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024 með þeim breytingum sem hér greinir.

2. gr.

Almenn launahækkun og kauptaxtar

Launahækkun samningsins er í formi hlutfallshækkunar og hámarks krónutöluhækkunar.

Þann 1. nóvember 2022 taka mánaðarlaun og launataxtar almennri hækkun um 6,75%, þó að hámarki kr. 66.000.

Kjaratengdir liðir

Kjaratengdir liðir kjarasamningsins hækka um 5% frá sömu dagsetningum.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf verður:
Á árinu 2023 kr. 119.700

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf verður:
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023 verður orlofsuppbót kr. 56.000

Hagvaxtarauki

Með framangreindum hækkunum hefur hagvaxtarauka skv. kjarasamningi aðila, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023, verið flýtt og að fullu efndur. Jafnframt er samkomulag um að með þessari hækkun og flýtingu komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019-2022.

3. gr.

Vinnutími samræmdur

Frá og með 1. febrúar 2024 verður vinnutími á viku skv. kjarasamningi 36 virkar vinnustundir. Deilitala dagvinnutímakaups verður frá sama tíma 156.

4. gr.

Afgreiðsla kjarasamnings

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamnings eigi síðar en þriðjudaginn 28. mars 2023.

LPS
ETA

Reykjavík, 20. mars 2023

F.h. RSÍ og VM

Kristín Þórunn Smeygason

Sigrún

Ludbj. Agustsson

Guðni Þór Frimannsson

Sigrún Bergmann Gunnarsson

Þorsteinn Vilhjálmsson Reynirsson

Jón Jóns Ólafsson

Guðmundur Garðar Gíslason

Karl Valdimar Brandsson

Guðmundur Halldór Sigurðsson

Líga Hjartarsen

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur

Ellen/Rósal Steinsteinn

Kristrún Dröfn Jóhannsdóttir

Yfirlýsing Orkuveitu Reykjavíkur

Reykjavík, 20. mars 2023

Í tengslum við kjarasamning Orkuveitu Reykjavíkur við RSÍ og VM hefur Orkuveita Reykjavíkur ákveðið, að því gefnu að kjarasamningarnir verði samþykktir að:

Leggja til úthlutunar í launakerfi félagsins til viðbótar við kjarasamningsbundnar launahækkunar, vegna starfsfólks sem starfar eftir kjarasamningum RSÍ og VM, við Orkuveitu Reykjavíkur svigrúm til launahækkana upp á að meðaltali:

0,5% sem kemur til framkvæmda frá og með 1. nóvember 2022

0,3% sem kemur til framkvæmda frá og með 1. apríl 2023

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur

Euney Ádalstærndóttir

